

Fundargerð 5. fundar faghóps 3, 6 áfanga Rammaáætlunar

5. maí 2026

1. Fundargerð síðasta fundar og dagskrá þessa fundar samþykktar.
2. Málefni af-friðlýstra svæða. Formaður gerir grein fyrir tilmælum verkefnisstjórnar um að faghópar skoði og fari yfir fyrir sitt leyti mat á virkjunarkostum sem setir voru í verndarflokk í 2 áfanga og í kjölfarið friðlýstir og síðan af-friðlýstir í kjölfar Hæstaréttardóms um að formgalli hafi verið á friðlýsingunni. Tilmæli verkefnisstjórnar voru svohljóðandi:

Á grundvelli dóms Hæstaréttar hinn 27. mars 2024 voru tillögur að friðlýsingu átta svæða afturkallaðar. Til að undirbúa nýja þingsályktunartillögu þar sem farið yrði að dómi Hæstaréttar felur verkefnisstjórn faghópum að meta hvort slíkar forsendubreytingar hafi orðið frá því faghópar mátu þessa kosti að þörf sé á að endurtaka fyrra mat.

Umræður urðu um hvað fælist í þessu verkefni og hversu ítarlega ætti að kanna og túlka hvort forsendubreytingar hafi orðið. Formaður sagði vilja verkefnisstjórnar að þetta verkefni hefi talsverðan forgang. Niðurstaðan var að meðlimir faghópsins skiptu með sér að skoða betur þá virkjunarkosti sem hér um ræðir og færu síðan yfir málið á sameiginlegum vinnufundi.

3. Rannsóknarþörf og hugsanlegur kostnaður. Formaður kynnti vilja verkefnisstjórnar um að fá hugmyndir að rannsóknum sem fara þyrfti í í áfaga 6. Einnig að metið yrði lauslega hvað slíkar rannsóknir gætu kostað. Formaður lagði til grundvallar tillögu að rannsóknum 2026-2031 þar sem gert var ráð fyrir að 2-3 nýir virkjanakostir kæmu inn á hverju ári sem kölluðu hver um sig á 1-3 staðbundnar meginlegar kannanir og 1-2 viðtals/rýnihóparannsóknir. Um þetta sköpuðust umræður og var ákveðið að fá þá Hjalta Jóhannesson hjá RHA og Helga Guðmundsson hjá FHÍ til að kanna gróflega hugsanlega verðmiða hjá kollegum sínum án þess að um væri að ræða að fá formleg tilboð.
4. Staðan í mati á fjórum vindorkuverum. Hópmeðlimir ræddu um stöðu vinnunnar við mat á fjórum vindorkuverum og hvernig gengi að fylla inn í skapalón sem búin voru til á grundvelli matsviðmiða. Ljóst að um var að ræða verk í vinnslu og einnig að það myndi eitthvað tefjast vega af-friðunarmála sem rædd voru undir lið 2.
5. Fundi slitið